



Reykjavíkurborg  
Menningar- og ferðamálasvið

Málsnr.: R17010183  
Skjalasafn Ráðhúss  
21. des. 2017  
Brefalykill: 310-2

Reykjavík, 19. desember 2017  
RMF15120007  
3.2.1

Ráðhús Reykjavíkur - borgarráð

Ráðhús Reykjavíkur  
101 REYKJAVÍK

### ***Samstarfssamningar við Nýlistasafnið og Kling og Bang***

Á fundi menningar- og ferðamálaráðs þ. 18. desember sl. voru lagðir fram til staðfestingar eftirfarandi undirritaðir samningar: Samstarfssamningur til þriggja ára við Nýlistasafnið dags. 14. desember 2017 og samstarfssamningur til þriggja ára við Kling og Bang dags. 14. desember 2017.

Samningunum er vísað til borgarráðs til staðfestingar.

f.h. menningar- og ferðamálaráðs

*Inga María Leifsdóttir*

Inga María Leifsdóttir  
verkefnastjóri  
skrifstofa Menningar- og ferðamálasviðs

Hjálagt:

Samstarfssamningur til þriggja ára við Nýlistasafnið dags. 14. desember 2017  
Samstarfssamningur til þriggja ára við Kling og Bang dags. 14. desember 2017

Menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkur f.h. Reykjavíkurborgar kt. 530269-7609 og  
Kling og Bang Gallerí ehf, kt. 560104-3160 gera með sér svofelldan:

### SAMSTARFSSAMNING

um fjárstuðning Reykjavíkurborgar við Kling&Bang  
á tímabilinu 1. janúar 2018 til 31. desember 2020.

#### 1. gr. Markmið Reykjavíkurborgar

Meginmarkmið með samningi þessum er að styðja við myndlistarlíf í Reykjavíkurborg, efla vitund almennings um íslenska samtímalist og efla kynningu á henni erlendis með því að styðja við rekstur á framsæknu galleríi, Kling&Bang í Marshallhúsi, og starfsemi á þess vegum innan lands og utan.

#### 2. gr. Forsaga

Kling&Bang gallerí var stofnað árið 2003 sem vettvangur fyrir unga listamenn til að stíga sín fyrstu skref í sýningarhaldi enn nú hafa allar kynslóðir listamanna hafa sýnt og starfað í galleríinu. Galleríið hefur einnig sýnt og tekið þátt í margvíslegum verkefnum erlendis á virtum sýningarstöðum. Kling & Bang hefur í gegnum árin myndað þétt tengslanet listamanna og annarra aðila í listheiminum sem starfsemin býr nú að. Galleríið hefur tekið á móti fjölda erlendra og innlendra gesta auk þess að veita skólahópum á öllum skólastigum leiðsögn. Kling&Bang er einnig stofnaðili að myndlistarhátíðinni Sequences og einn þriggja bakhjarla hátíðarinnar.

Vorið 2017 hóf Kling&Bang starfsemi í Marshallhúsinu. Í nýjum húsakynnum er lögð áhersla á að bjóða uppá metnaðarfulla sýningadagskrá í takt við stefnu gallerísins. Rýminu sjálfu hefur verið skipti í þrjá sali, sá stærsti er hugsaður fyrir veigamiklar sýningar, einn minni salanna sem vettvangur fyrir yngri kynslóðir listamanna til sýningarhalds. Þriðji salurinn er gluggalaust rými sem hentar vel til sýninga á vídeóverkum. Staldrið er fjölnotarrými sem notað verður fyrir námskeið, viðburði og fræðslu, þar verða einnig til sýnis fjölfeldi, listaverk og útgáfa sem gestir geta keypt. Í tengslum við allar sýningar eru gerð plaköt og sýningarskrár. Galleríið er opið fimm daga vikunnar. Frá opnun Kling & Bang í Marshallhúsinu hafa gestatölur gallerísins margfaldast.

Frá stofnun hefur rekstrarfyrirkomulag Kling&Bang verið byggt á sjálfbodaliðastarfi um 10 manna hóps sem hefur net utanaðkomandi aðila til að leita til þegar þörf krefur. Við flutning Kling&Bang í Marshallhúsið hefur mikil vinna verið lögð í að styrkja stoðir og innviði gallerísins. Fimm manna stjórn, breytileg milli missera, myndar nú kjarna gallerísins og styður við bakið á væntanlegum framkvæmdastjóra. Stærsti samstarfsaðili Kling & Bang á eftir Reykjavíkurborg á upphafsárum Marshallhúss er Thyssen-Bornemisza Art Contemporary (TBA21) í Vínarborg.

#### 3. gr. Markmið Kling og Bang

Markmið þessa samnings er að með flutningi Kling&Bang gallerí í Marshallhúsið, verði haldið áfram því mikilvæga menningarstarfi sem byggt hefur verið upp innan Kling&Bang. Í nýjum húsakynnum er aukið sýningahald, lengri opnunartími, gerð langtímamarkmið og staðið að framsækinni fræðslu- og viðburðardagskrá. Kling&Bang

Menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkurborgar
14 DES. 2017
Málsnr.: RMF 15120007
Skjalaflokkur: 3-2-1

1

AP 588

Í Marshall húsinu verður vettvangur framsækinn sýninga, lifandi samastaður myndlistarmanna og listunnenda, vettvangur nýútskrifaðra listamanna og lengra kominna erlendra og innlendra listamanna. Kostur gefst á að vera í beinu samtali inn á alþjóðlegan vettvang myndlistarinnar, sem nýst getur íslenskum listamönnum á ýmsan hátt.

Markmið Kling&Bang hafa auk þess jafnan verið að:

- koma á framfæri upprennandi listamönnum sem starfa innanlands eða á erlendum vettvangi í bland við alþjóðlega velþekktu samtímalistamenn
- skapa faglegt, fræðandi, krefjandi og metnaðarfullt umhverfi fyrir listamenn á Íslandi
- auka fjölbreyttari möguleika til sýningarhalds í Reykjavík
- opna vettvang fyrir skapandi skoðanaskipti innan myndlistarinnar
- skrásetja myndlistarsögu Reykjavíkurborgar með vönduðum sýningaskrá sýninga í Kling&Bang
- eiga í samstarfi við erlenda sýningarstjóra og gallerí til að eiga greiðari aðgang erlendum að myndlistarmönnum
- kynna íslenska myndlistarmenn erlendis.

#### 4. gr. Marshallhúsið

Stefnt er að því að Marshallhúsið verði einn helsti vettvangur og miðstöð samtímalistar á Íslandi þar sem vegur listamannarekinna rýma muni eflast og aukast. Kling&Bang er með sérstakan leigusamning við SEA (skrifstofu eigna- og atvinnuþróunar) vegna hússins. Hið leigða er samtals um 362,2 m<sup>2</sup> á 3. hæð fasteignarinnar að Grandagarði 20, 101 Reykjavík. Í húsinu er auk aðseturs Kling&Bang, Nýlistasafnið ásamt vinnustofu og sýningarrými Ólafs Elíassonar.

#### 5. gr. Kynningarmál

Á öllu kynningarefni Kling&Bang jafnt innanlands sem utan skal koma fram að það sé styrkt af Reykjavíkurborg og birtir félagið merki Reykjavíkurborgar í því skyni. Samstarf verði við Höfuðborgarstofu um kynningu á Reykjavík þegar það á við til að kynna sem best Reykjavík sem áfangastað. Tengja má þá ferðavefsvæði Reykjavíkurborgar [www.visitreykjavik.is](http://www.visitreykjavik.is) við vefi gallerisins.

#### 6. gr. Framlag Reykjavíkurborgar

Á samningstímanum leggur Reykjavíkurborg Kling&Bang til í beinum fjárframlögum kr. 8,500,000 á ári 2018, 2019 og 2020.

Greiðsla framlags skiptist þannig árlega:

kr. 2.500,000	1. - 3. mars,	kr. 2.000,000	1. - 3. september,
kr. 2.000,000	1. - 3. júní	kr. 2.000,000	1. - 3. desember.

Framlag borgarinnar greiðist inn á bankareikning 0111-26-3160.

Framlög Reykjavíkurborgar vegna árána 2019 og 2020 er með fyrirvara um samþykkt fjárhagsáætlunar þeirra ára. Verði gerð umtalsverð breyting á fjárveitingu til samningsins á fjárhagsáætlun taka aðilar upp viðræður um aðlögun starfseminnar að breyttri fjárveitingu.

### 7. gr. Ábyrgð

Kling og Bang Gallerí ehf ber ábyrgð á starfsemi gallerísins, fagmennsku þess og gæðum. Kling og Bang Gallerí ehf ber ábyrgð á skuldbindingum sem það eða aðilar á vegum félagsins stofna til í tengslum við þennan samning. Kling og Bang Gallerí ehf er óheimilt að framselja greiðslur skv. samningi þessum til þriðja aðila og setja hann með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu.

### 8. gr. Samskipti og eftirlit

Skrifstofa menningamála á Menningar- og ferðamálasviði Reykjavíkurborgar er tengiliður samningsins við Kling&Bang. Samráðsfundir aðila samningsins skulu haldnir í september ár hvert 2018, 2019 og 2020, þar sem farið verður yfir framkvæmd samningsins og tillögur Kling&Bang að áherslum gallerísins fyrir komandi starfsár. Skrifstofustjóri menningarmála boðar til fundanna. Kling&Bang skilar þá ársreikningi fyrra árs, áætlun um rekstur og starfsemi yfirstandandi árs og áætlun um starfsemi komandi árs.

### 9. gr. Vanefndir og meðferð ágreinings

Telji Kling og Bang Gallerí ehf hættu á að geta ekki uppfyllt samningsbundnar skyldur sínar skal Menningar- og ferðamálasviði Reykjavíkurborgar tilkynnt um það skriflega án tafar. Ef ekki tekst að endurskoða verkefnaáætlun þannig að markmiðum samningsins verði náð er heimilt að fella niður greiðslur þar til félagið hefur sýnt fram á að það muni standa við samningsbundnar skyldur sínar samkvæmt ákvæðum samningsins, en að öðrum kosti rifta samningnum.

Ef sýnt þykir að framlag Reykjavíkurborgar hafi verið notað í öðru skyni en samkvæmt samningi þessum áskilur hún sér rétt til að krefjast endurgreiðslu framlagsins að öllu eða að einhverju leyti eða rifta samningnum.

### 10. gr. Gildistími

Samningur þessi er gerður í samræmi við samþykktu fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2018 er samþykkt var í borgarstjórn þ.5. desember 2017. Samningurinn gildir til 31. des. 2020. Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

### 11. gr. Staðfesting og meðferð ágreiningsmála

Samningurinn er gerður með fyrirvara um staðfestingu menningar- og ferðamálaráðs Reykjavíkurborgar og borgarráðs. Rísi ágreiningsmál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Reykjavík, 14. desember 2017



Reykjavíkurborg  
Menningar- og ferðamálasvið

*Sigrún Lábsdóttir*

F.h. Kling og Bang Gallerí ehf

*Sería Sigrún Sigrún*

Vottar að réttri dagsetningu og undirskrift:

*Elisabet Bryndís Þorvaldsdóttir 170283-4659*  
*Inga María Láhdóttir 050977-3829*

Menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkur f.h. Reykjavíkurborgar kt. 530269-7609 og Nýlistasafnið, kt. 551079-1559 gera með sér svofelldan:

### **SAMSTARFSSAMNING**

um fjárstuðning Reykjavíkurborgar við Nýlistasafnið á tímabilinu 1. janúar 2018 til 31. desember 2020.

#### **1. gr. Markmið Reykjavíkurborgar**

Meginmarkmið með samningi þessum er að styðja við myndlistarlíf í Reykjavíkurborg, efla vitund almennings um íslenska samtímalist og efla kynningu á henni erlendis með því að styðja við rekstur á framsæknu safni, Nýlistasafninu í Marshallhúsi og Breiðholti, og starfsemi á þess vegum innan lands og utan.

#### **2. gr. Forsaga**

Nýlistasafnið var stofnað árið 1978. Safnið er sjálfseignarstofnun, rekin af samtökum listamanna sem nefnast Fulltrúðaráð Nýlistasafnsins og hefur verið rekið óslitið af starfandi myndlistarmönnum. Safnið er eitt elsta starfandi listamannarekna listasafn í Evrópu. Nýlistasafnið eða Nýló, eins og það oft er kallað, er safn og sýningarstaður, vettvangur uppákoma, umræðna og gjörninga. Það er að auki félagasamtök með verðmæta safneign byggða eingöngu á gjöfum listamanna, félagsmanna og velunnara safnsins. Auk sýninga og viðburða safnar, varðveitir og miðlar Nýlistasafnið heimildum um samtímalistasögu. Safnið er einn mikilvægasti vettvangur samtímalistar á Íslandi og í sífelldum vexti og þróun. Nýlistasafnið er einn af stofnendum og helsti umsjónaraðili Sequences myndlistarháttíðarinnar.

Vorið 2017 hófst starfsemi í Marshallhúsinu. Þar er nú miðstöð sýninga, gjörninga og viðburða Nýlistasafnsins. Safnið heldur áfram úti rannsóknar- og fræðslustarfi í Breiðholti þar sem safneignin sjálf er til húsa, en heimildasöfn safnsins, arkív um listamannarekin rými og gjörningararkífið hafa verið flutt í Marshallhúsið. Nýlistasafnið leggur upp með að halda um 6 - 9 sýningar og stærri viðburði á ári að meðtöldum sýningum í safneign. Sýningadagskrá á 40 ára starfsafmæli Nýló 2018 er metnaðarfull. Stefnt er á aukid samstarf við erlend söfn og sýningarstaði. Auk markviss sýningarhalds býður Nýlistasafnið upp á fjölbreytta viðburði, leiðsagnir, móttöku skólahópa, upplestra, vídeóverkakvöld, málstofur og aðrar uppákomur. Í Marshallhúsinu er safnbúð þar sem hægt er að kaupa vandaðar bækur og bókverk af verkum eftir fulltrúa safnsins, árituð sýningaplaköt og póstkort. Safnið er í samtali við bókverslunina Boekie Woekie og Crymogeia varðandi sölu á bókum og bókverkum eftir listamenn sem tengjast safninu á einhvern hátt. Safnbúðin endurspeglar sögu safnsins og sýningar.

#### **3. gr. Markmið og starfsemi Nýlistasafnsins**

Sérstaða safnsins felst meðal annars í að:

- ✓ vera vettvangur nýrra strauma og tilrauna í samtíamyndlist í 40 ár
- ✓ vera stökkpallur fyrir unga og upprennandi listamenn
- ✓ búa yfir einstakri og verðmætri safneign sem byggist á gjöfum listamanna og sem geymir dýrmætan sögu samtíamyndlistar á Íslandi, frá 1952 til dagsins í dag
- ✓ varðveita stærsta safn bókverka á Íslandi

Menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkurborgar
14 DES. 2017
Málsnr.: RMI: 1512 0007
Skjalaflokkur: 3.2.1

1

*p.v. JP*

- ✓ vera brautryðjandi í því að sýna verk erlendra listamanna á Íslandi og vera leiðandi í kynningu á íslenskri myndlist erlendis
- ✓ halda utan um og skrá sögu listamannarekinna rýma á Íslandi
- ✓ halda utan um og skrá tímatengda list í heimildasafni um gjörninga á Íslandi
- ✓ gefa út rit og bækur sem varpa ljósi á litt rannsakaða anga listasögunnar
- ✓ greiða listamönnum fasta þóknun fyrir sýningahald

#### 4. gr. Marshallhúsið

Þann 18. mars 2017 var Marshallhúsið opnað með þremur sýningum og nýjum veitingastað á fyrstu hæð hússins. Nýlistasafnið hefur, í samstarfi við *kurtogpi arkitekta, Kling og Bang gallerí, ið* og *Ólaf Elíasson*, stórar áætlanir um þá möguleika sem hægt er að virkja í húsinu. Marshallhúsið er vettvangur fyrir metnaðarfulla og fjölbreytta sýningastarfsemi og aukið faglegt samtal og miðlun á samtímamyndlist. Með veru Kling og Bang og Nýlistasafnsins er jafnframt verið að fylla ákveðið tómarúm sem myndaðist þegar þessir tveir vettvangar misstu húsnæði sitt í miðbænum. Vegur listamannarekinna rýma mun væntanlega eflast og aukast og Marshallhúsið stuðla að bættu starfsumhverfi og ríkri myndlistarsenu í Reykjavík. Nýlistasafnið tekur um 400m<sup>2</sup> í húsinu (1/3) og er sýningarrýmið þar af um 240m<sup>2</sup>. Nýlistasafnið er með sérstakan leigusamning við SEA (skrifstofu eigna- og atvinnuþróunar) vegna hússins.

#### 5. gr. Kynningarmál

Á öllu kynningarefni Nýlistasafnsins jafnt innanlands sem utan skal koma fram að það sé styrkt af Reykjavíkurborg og birtir félagið merki Reykjavíkurborgar í því skyni. Samstarf verði við Höfuðborgarstofu um kynningu á Reykjavík þegar það á við til að kynna sem best Reykjavík sem áfangastað. Tengja má þá ferðavefsvæði Reykjavíkurborgar [www.visitreykjavik.is](http://www.visitreykjavik.is) við vefi safnsins.

#### 6. gr. Framlag Reykjavíkurborgar

Á samningstímanum leggur Reykjavíkurborg Nýlistasafninu til í beinum fjárframlögum kr. 17.300.000 á ári 2018, 2019 og 2020.

Greiðsla framlags skiptist þannig árlega:

kr. 1.500.000	1. - 3. janúar, febrúar, mars, apríl, maí, júní, júlí, ágúst, september og október.
kr. 1.300.000	1. - 3. nóvember.
kr. 1.000.000	1. - 3. desember.

Framlag borgarinnar greiðist inn á bankareikning 515-14-104606.

Framlög Reykjavíkurborgar vegna árána 2019 og 2020 eru með fyrirvara um samþykkt fjárhagsáætlunar þeirra ára. Verði gerð umtalsverð breyting á fjárveitingu til samningsins á fjárhagsáætlun taka aðilar upp viðræður um aðlögun starfseminnar að breyttri fjárveitingu.

P.O. AP

### 7. gr. Ábyrgð

Nýlistasafnið ber ábyrgð á starfsemi safnsins, fagmennsku þess og gæðum. Nýlistasafnið ber ábyrgð á skuldbindingum sem það eða aðilar á vegum félagsins stofna til í tengslum við þennan samning. Nýlistasafninu er óheimilt að framselja greiðslur skv. samningi þessum til þriðja aðila og setja hann með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu.

### 8. gr. Samskipti og eftirlit

Skrifstofa menningamála á Menningar- og ferðamálasviði Reykjavíkurborgar er tengiliður samningsins við Nýlistasafnið. Samráðsfundir aðila samningsins skulu haldnir í maí ár hvert 2018, 2019 og 2020, þar sem farið verður yfir framkvæmd samningsins og tillögur Nýlistasafnsins að áherslum þess fyrir komandi starfsár. Skrifstofustjóri menningarmála boðar til fundanna. Nýlistasafnið skilar þá árituðum ársreikningi fyrra árs, áætlun um rekstur og starfsemi yfirstandandi árs og áætlun um starfsemi komandi árs.

### 9. gr. Vanefndir og meðferð ágreinings

Telji Nýlistasafnið hættu á að geta ekki uppfyllt samningsbundnar skyldur sínar skal Menningar- og ferðamálasviði Reykjavíkurborgar tilkynnt um það skriflega án tafar. Ef ekki tekst að endurskoða verkefnaáætlun þannig að markmiðum samningsins verði náð er heimilt að fella niður greiðslur þar til félagið hefur sýnt fram á að það muni standa við samningsbundnar skyldur sínar samkvæmt ákvæðum samningsins, en að öðrum kosti rifta samningnum. Ef sýnt þykir að framlag Reykjavíkurborgar hafi verið notað í öðru skyni en samkvæmt samningi þessum áskilur hún sér rétt til að krefjast endurgreiðslu framlagsins að öllu eða að einhverju leyti eða rifta samningnum.

### 10. gr. Gildistími

Samningur þessi er gerður í samræmi við samþykktu fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2018 er samþykkt var í borgarstjórn þ. 5. des. 2017. Samningurinn gildir til 31. des. 2020. Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

### 11. gr. Staðfesting og meðferð ágreiningsmála

Samningurinn er gerður með fyrirvara um staðfestingu menningar- og ferðamálaráðs Reykjavíkurborgar og borgarráðs. Rísi ágreiningsmál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Reykjavík, 14. desember 2017



F.h. Reykjavíkurborgar

Reykjavíkurborg

Menningar- og ferðamálasvið

*Agný Kaldstøtt*

F.h. Nýlistasafnsins

*Þorgeirur Guðeldóttir*

Vottar að rétttri dagsetningu og undirskrift:

*Emmi Þorhallsdóttir*  
170184-8009

*Bergvin Þ. Sjöbjörn*  
t 080867 3605